

September 17, 2013/ÁÁ

Minnisblað um umferð og viðskipti farþega skemmtiferðaskipa á Skarfabakka

Fjöldi farþega og komur skemmtiferðaskipa til Reykjavíkur 2001 til 2013

Ár	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013*
Farþegar	30.077	31.264	44.630	54.795	55.223	53.529	59.308	68.867	70.133	62.673	91.954	90.000
Skip	50	58	70	77	74	76	83	80	74	67	81	81
Meðalt./skip	563	602	639	638	712	746	704	715	861	948	1135	1124

*) áætlun

Á tólf ára tímabili hefur fjöldi farþega þrefaldast en fjöldi skipakoma tæplega tvöfaldast. Meðaltal farþega um borð endurspeglar þá staðreynd að skipin hafa stækkað. Um það bil 5% af farþegum koma á Miðbakkann í Gömlu höfninni. Skemmtiferðaskip dvelja yfirleitt í ca. 8 til 10 tíma í Reykjavík. Þetta hefur verið að breytast og t.d. næsta sumar dvelja 24 skip (35.000 farþegar) yfir nótt í Reykjavík en samtals hafa 83 skip boðað komu sína.

Alltaf er nokkuð um að skip skipti um farþega í Reykjavík og þá helst minni skipin. Fjöldi skipa sem þetta gerir rokkar frá 5 og upp í 10 á sumri en í sumar eru það 10 skip.

Þjónustan á Skarfabakka

Á Skarfabakka er þjónustumiðstöð Faxaflóahafna sf., og hefur reksturinn verið boðinn út til þriggja ára frá því í apríl 2008 til 2011 og þá framlengt til apríl 2014. Leigutaki frá byrjun er ITA (Icelandic Travel Assistance) og hefur fyrirtækið rekið þjónustumiðstöð fyrir farþega yfir sumarmánuðina og leigt út salinn að vetri.

Þjónusta í boði fyrir ferðamenn er sem hér segir: upplýsingar, bílaleigubílar, sala í ýmsar dagsferðir, verslun með minjagripi, selt aðgengi að síma og neti og umsjón með skutlum niður í bæ.

Við þjónustumiðstöðina er mjög gott pláss fyrir 40 rútur í stæði, ca. 50 leigubíla og einnig renna fyrir fjallajappa. Sérstakt svæði hefur verið afmarkað fyrir þá sem eru að sækja sérmerкта hópa eða einstaklinga og einnig er þar stæði fyrir þá sem eru að bjóða dagsferðir á eigin vegum. Eftir að Skarfabakki var lengdur

til austurs í sumar, er svipuð aðstaða þeim megin fyrir rútur og leigubíla, en að vísu er það ekki malbikað svæði.

Ef ákveðið verður að bjóða út rekstur þjónustumiðstöðvar á næsta ári er rétt að íhuga að hafa leigutíma til 5 ára, í stað þriggja nú, og einnig að afmarka skika af nærliggjandi lóð sem viðbótarathafnasvæði fyrir leigutaka. Þannig yrðu öll umsýsla og stjórnun verslunarumsvifa á einni hendi.

Í samstarfi við Höfuðborgarstofu hefur leigutaki séð um rekstur á skutlum frá Skarfabakka niður í bæ og til baka. Reksturinn á að vera sjálfbær og kostar miðinn báðar leiðir €10,00. Í væntanlegum útboðsgögnum er rétt að skilgreina þessa þjónustu frekar, svo sem hvar er stoppað þegar tvö, jafnvel þrjú, skip eru í Sundahöfn samtímis.

Farþegasvæðið á Skarfabakka

Fjölgun farþega og lengri viðlegukanntur kalla á frekari úrbætur í merkingum og þjónustu við farþega og starfsfólk sem kemur að móttöku skemmtiferðaskipa. Umferðamerkingar fyrir gangandi og akandi eru mikilvægar svo og almenn stjórnun á svæðinu.

Tekjur af ferðamönnum skemmtiferðaskipa

Sumarið 2009 gerði fyrirtækið BREA & Peter Wild könnun á því hversu miklu ferðamennirnir eyddu á meðan á viðdvöl í Reykjavík stóð. Niðurstaðan var að hver gestur eyddi €76,83 að meðaltali. Þessi tala skiptist þannig; €47,46 fóru í að kaupa skoðunarferð og €29,37 voru notaðar í almenna verslun.

Niðurstaðan er því eftirfarandi miðað við gengi €/ísl. kr. sé 160.

92.000 farþegar	x €47,46 skoðunarferð	x 160	= 698 m. IKR
92.000 farþegar	x €29,37 verslun	x 160	= 432 m. IKR
40.000 áhöfn	x €21,00 verslun*	x 160	= 134 m. IKR
SAMTALS bein eyðsla í Reykjavík árið 2012			1.265 m. IKR

- Verslun áhafna er fengin úr könnun sem Eruopean Cruise Council gerði 2012 en sú könnun náði yfir margar hafnir í Evrópu.